



Stefnuskrá GEOfood vörumerkisins

Samfélögin okkar standa frammi fyrir margvíslegum áskorunum við að uppfylla Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun fyrir árið 2030. Þar spilar matvælaíðnaðurinn lykilhlutverk en ekki síður landbúnaðurinn, sem er í lykilhlutverki við að takast á við hnattræn vandamál á borð við loftslagsbreytingar, hnignun líffræðilegs fjölbreytileika, skort á matvælum og vaxandi fólksfjölda. Meginhluti matarframleiðslu heimsins (80%) er upprunninn á fjölskyldubýlum, eða um 500 af 570 milljónum býla í heiminum.

Loftslagsvá - raunveruleg sviðsmynd

Matvælaframleiðsla og bómullarrækt, notkun á jarðefnaeldsneyti, ásamt framleiðslu á ýmsum landbúnaðar- og skógarafurðum sem ekki tilheyrja flokki matvæla eru helstu ástæður fyrir hnignun náttúrunnar. Helmingur hitabeltisskóga heimsins hafa nú þegar verið felldir og eru 18 milljónir hektarar felldir árlega til viðbótar – svæði sem eru á stærð við England og Wales samanlagt. Í dag tapast líffræðileg fjölbreytni þúsund sinnum hraðar en af náttúrulegum orsökum, og hefur fjöldi einstaklinga af helstu dýra- og plöntutegundum fækkað um 60 prósent síðan árið 1970. Aukin eftirspurn eftir kjöti og mjólkurafurðum eykur þörfina á ræktarlandi enn frekar. Ef spár um fjölgun mannkynsins gengur eftir, að fara úr 7,6 milljörðum í 11 milljarða í lok þessara aldar, verður hins vegar lítið svigrúm til að auka landbúnað án þess að skerða möguleika á að uppfylla nauðsynleg umhverfis- og loftslagsmarkmið sem mörg lönd hafa skuldbundið sig til að fara eftir.

Ógnvænlega mikill og ósjálfbær landbúnaður, ásamt vaxandi þörf á notkun ýmissa náttúruspillandi efna við ræktun, er ein helsta ástæða þess að um 80 prósent allra skordýra í Þýskalandi hafa horfið síðan seint á níunda áratugnum. Sama hefur verið uppi á teningnum víða um heim. Landbúnaður, matvælavinnsla, og landnotkunarbreytingar vegna þeirra, valda um þriðjung allrar losunar gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

Einnig veldur ósjálfbær veiði miklu álagi á vistkerfin og er talið að þriðjungur fiskimiða heimsins séu undir álagi vegna ofveiða. Á aðeins rúmri hálfri öld hefur ofveiði mannkyns útrýmt 90 prósent fjölda einstaklinga ákveðinna tegunda af ránfiskum í fæðukeðjum hafsins, þetta eru lífverur sem skipta sköpum í jafnvægi vistkerfa, svo sem túnfiskur, sverðfiskur og hákarlar. Enn fremur valda ýmsar veiðiaðferðir, svo sem botnvörpuveiðar, miklum skaða á vistkerfi hafsins og við strendur. Búist er við því að um helmingur jarðarbúa muni búa við takmarkaðan aðgang að vatni fyrir árið 2030 en vatnspörf landbúnaðarins nemur um tveimur þriðju (2/3) af vatnsnotkun heimsins. Þar sem áveitur eru sérstaklega algengar á svæðum þar sem vatnsskortur er fyrir, hefur landbúnaður enn meiri áhrif á vatnsauðlinda en hann ere ábyrgur fyrir um 90-95 prósentum af vatnsnotkun þeirra svæða.

Matvælaframleiðslan er ábyrg fyrir að minnsta kosti 75% af köfnunarefnislosuninni í heiminum. Losunin knýr vöxt og útbreiðslu þörungablóma innan vistkerfa þar sem hann er ekki fyrir hendi af náttúrunnar hendi, og fyrir vikið myndar þetta lífvana svæði, t.d. í ferskvötnum og hafinu. Áætlað hefur verið að magn hvarfgjarna köfnunarefnistegunda sem sé sleppt út í andrúmsloftið sé nú þegar tvöfalt herra en

hámarks burðargeta, og telst þessi losun ekki sjálfbær, og má segja hið sama um losun á fosfór. Aukin upplausn steinefna í hafinu, ásamt öðrum spilliefnum, samhliða hækkandi hitastigi hafsins vegna loftslagsbreytinga, eru þættir sem valda miklu álagi á vistkerfin í sjónum. Á árunum 2016-2017 gerði mikil hitabylgja það að verkum að um 90 prósent af Stóra-Kóralrifinu við Ástralíu varð illa leikið og helmingur allra kóralla á rifinu dóu.

ESB hefur sett sér langtímastefnu um kolefnisjöfnun og hlutleysi, þ.e. að nettó losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2050 verði hlutlaus („Green Deal“ framkvæmdastjórn Evrópu, 2020). Framleiðsla á nægum matvælum, fóðri og trefjum verður áfram lykilatriði fyrir evrópskt efnahagslíf, en á sama tíma er ætlast til þess að um miðja öldina muni landbúnaðar- og skógræktargeirinn einnig taka virkan þátt og stuðla að markmiðinu um kolefnisjöfnun og -hlutleysi. Búist er við að eftirspurn eftir lífefnum/lífmassa komi til með að aukast, til þess að framleiða hita, lífeldsneyti, lífgas, byggingarefni og fleiri sjálfbærar og lífrænar vörur. Gert er ráð fyrir að aukið lífmassaframboð komi frá mörgum, mismunandi framleiðendum til að tryggja sjálfbærni framleiðslunnar og að kolefnisupptaka núverandi skóga muni annaðhvort vera ttil jafns við kolefnisframleiðsluna eða hærri. Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði, að koltvísýringi undanskildum, næst aðallega með nýsköpun t.d. nákvæmnisrækt til að hámarka nýtingu áburðar og annarra efna, bæta framleiðni nautgripa og meðferð á úrgangi. Stefna ESB byggir einnig á því að auka kolefnisbindingu á ræktuðu landi með betri búskaparháttum, þar með talið skógræktartækni, minnkun á jarðvinnslu og aukinni notkun þekjuplantna.

Að lokum gæti skógrækt og endurheimt landgæða stuðlað að nokkrum markmiðum: bindingu koltvísýrings, auka líffræðilegan fjölbreytileika, verndun jarðvegs og vatns, og framleiðslu lífmassa.

Fimm meginmarkmið sjálfbærra matvæla og landbúnaðar

1. Að bæta skilvirkni í nýtingu auðlinda.
2. Beinir aðgerðir til að tryggja og vernda náttúruauðlindir.
3. Landbúnaður verður að bæta afkomu dreifbýlis og stuðla að jafnrétti og félagslegum jöfnuði.
4. Auka seiglu fólks, samfélaganna og vistkerfanna.
5. Ábyrgt og árangursríkt stjórnkerfi er nauðsynlegt.

Hvernig er hægt að ná þessum 5 meginmarkmiðum?

Leiðin að velmegun er tekin fyrir í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Til að ná þeim þarf hins vegar að fara í róttækar aðgerðir sem fela í sér að tileinka sér hugmyndafræði sjálfbærrar nýtingar og að útrýma fátækt og hungursneyð í heiminum svo allir hafi aðgengi að grunnþörfum til að lifa.

Breyttar matarvenjur, sem stuðla að sjálfbærri neyslu matar, verða að vera hluti ítarlegrar aðgerðaráætlunar til að auka fæðuöryggi, bæta aðstæður og tækifæri matvælaframleiðenda, styðja við efnahagslega framþróun, draga úr loftslagsáhrifum og endurheimta vistkerfið.

Þessar tuttugu samtengdu aðgerðir sem listaðar eru hér fyrir neðan eru komnar til af svipaðri hugsun og framtíðarsýn Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, þar sem matvælum, landbúnaði, lífsviðurværi fólks, og stjórnun náttúruauðlinda er ekki skipt niður í mismunandi flokka, heldur tekin fyrir sem ein heild; þar sem litið er á framtíðina sem vegferð en ekki sem endamarkmið, og að leiðirnar sem notaðar eru til að ná því og innan þeirra vegferðar vinni opinberir- og einkaaðilar saman að mótun og lausnum verkefna.

Þessar aðgerðir sameina þrjá flokka sjálfbærrar þróunar og krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra aðila. Með samvinnu allra getum við kortlagt samlegðaráhrif, fórnir og hvata og tekið sameiginlega á þessum 20 viðfangsefnum sem blasa við heiminum til að stuðla að auknu fæðuöryggi og velmegun í öllum ríkjum heims.

1. Auðvelda aðgengi að virðisaukandi auðlindum, bæta fjármögnun og þjónustu.
2. Tengja smáframleiðendur við markaði.
3. Hvetja til fjölbreytni í framleiðslu.
4. Byggja upp þekkingu framleiðenda og þróa framleiðslugetu þeirra.
5. Bæta jarðveg og endurheimta land.
6. Vernda vatnsauðlindina og stýra notkun hennar.
7. Varðveita líffræðilegan fjölbreytileika og vernda heilbrigði vistkerfisins, og þar með þjónustupætti þess.
8. Nýta betur afurðir, draga úr sorpmyndun, hvetja til endurnýtingar og endurvinnslu, og stuðla að sjálfbærri neyslu.
9. Valdefla manneskjuna, berjast gegn ójöfnuði.
10. Virða rétt starfsmanns og öryggi hans á vinnumarkaði, styðja við gerð fastráðningasamnings.
11. Nýta verkfæri félagslegrar verndar til að auka framleiðni og tekjur.
12. Bæta næringu og stuðla að jafnvægi í mataræði.
13. Fyrirbyggja og vernda gegn áföllum, auka seiglu.
14. Vera í stakk búin(n) til að takast á við áföll.
15. Takast á við og laga sig að loftlagsbreytingum.
16. Aðlaga og styrkja þolmörk vistkerfisins.
17. Auka umræður um stefnumótun og samhæfingu.
18. Styrkja frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun.
19. Aðlaga og bæta fjárfestingar og fjármögnun.
20. Styrkja hvetjandi umhverfi og endurbæta stofnanaumgjörðina.

Hlutverk hnattrænna UNESCO jarðvanga fyrir sjálfbær matvæli og landbúnað

Hnattrænir UNESCO jarðvangar eru skilgreindir sem: „Samfelld landfræðileg svæði þar sem stöðum og landslagi með alþjóðlegar mikilvægar jarðminjar er stýrt eftir heilðrænni stefnu um verndun, fræðslu og sjálfbæra þróun.

Aðferðafræði jarðvanga um sjálfbæra þróun byggir á þátttöku samfélagsins, svoköllaðro „frá botni og upp“ nálgun, þar sem náttúruvernd og sjálfbær þróun er sameinuð ásamt því að fá nærsamfélagið til að taka þátt í því. Reynslan sýnir að sú nálgun er vænleg til árangurs og er því sífelld að verða vinsælli.

Jarðvangar þjóða ýmsa afþreyingu á ólíkum sviðum sem tengjast menningu, ferðamennsku, menntun og sjálfbærri þróun og staðbundnum matarupplifunum. Jafnvel þó að jarðvangar séu einstök og sérkennileg landsvæði, af mismunandi stærðum og gerðum, með ólíkar gerðir af hagkerfum og félagslegan bakgrunn íbúa, með sína sérstaka menningu og landslag - þá er „matur“ samnefnari allra jarðvanga og það sem hverjir þeirra eiga sameiginlegt með öðrum. Það er reyndar þannig að sjálfbær matarframleiðsla innan héraðs snýst einkum um að meta landbúnaðaraðferðir og matvælaframleiðendur að réttmætu virði, og að styrkja tengsl náttúruauðlinda í jarðvöngum við ferðaþjónustu er eitt mikilvægt áhersluefni meðal hnattrænna UNESCO jarðvanga.

Hnattrænir UNESCO jarðvangar eru hluti af Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna 2030 og þeir leggja mikla áherslu að stuðla að verndun jarðar og náttúruauðlinda hennar til að skapa betri framtíð fyrir alla.

Eitt af kjarna viðfangsefnum jarðvanga er í raun það sama og 12. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna; að „þróa og innleiða verkfæri til að fylgjast með áhrifum sjálfbærrar þróunar fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu sem skapar störf og kynnir staðbundna menningu og afurðir“. Hnattrænir UNESCO jarðvangar þjóna sem fyrirmyndir í góðum starfsvenjum og innleiðingartól í því að koma með nýstárlegar hugmyndir um hvernig megi virkja nærsamfélagið og örva fjárfestingar til að efla landbúnaðarhætti, auka virði fæðuframleiðslu, styðja lítil og meðalstór fyrirtæki, auka atvinnutækifæri, og bæta atvinnuskilyrði. Þessi landsvæði starfa saman í nánú samstarfi sem stuðlar að frekara samstarfi og ræktar tengslanet.

GEOfood merkið getur sérstaklega hjálpað til að takast á við eftirfarandi áskoranir:

- Binda endi á fátækt í dreifbýli, sem er mikilvægt skref í því að tryggja fæðuöryggi (SDG 1)
- Fæða á að vera örugg, nægjanleg og á færi allra (SDG 2)
- Næring er undirstaða að heilbrigði (SDG 3)
- Næringarríkur matur er undirstaðan að menntun. (SDG 4)
- Aukið jafnrétti (kynjanna) gæti aukið framleiðslu í landbúnaði um 20% (SDG 5)
- Sjálfbær landbúnaður gæti hjálpað til við að leysa vandamál tengdum vatnskorti (SDG 6)
- Matvælaframleiðsla þarf að hætta að vera háð notkun jarðefnaeldsneyta (SDG 7)
- Aukning matvælaframleiðslu í fátækum löndum getur dregið úr fátækt um helming (SDG 8)
- Nýsköpun opnar nýja markaði fyrir smærri framleiðendur (SDG 9)
- Landumbætur geta leitt til jafnari dreifingar á landi, sérstaklega í dreifbýli (SDG 10)
- Fjárfestingar í dreifbýlum geta minnkað eða hægt á þéttbýlismyndun (SDG11)
- Að tryggja fæðuöryggi felur í sér þörf á að minnka sóun á matvælum. (SDG 12)
- Landbúnaður spilar lykilhlutverk í því að takast á við loftlagsbreytingar (SDG 13)
- Fiskur sér 3 milljörðum af fólki fyrir um 20% af daglegu próteini (SDG 14)
- Í skógum er yfir 80% allra líffræðilegrar fjölbreytni sem finna má á landi (SDG 15)
- Að binda enda á hungursneið getur stuðlað að friði og stöðugleika í heiminum. (SDG 16)
- Það er máttur í heildinni - Samstarf hjálpar til við að láta raddir fólksins heyrast (SDG 17)

Sýn GEOfood merkisins

Á bak við GEOfood merkið liggur skýr hugsun: stuðningur við nærsamfélagið, hin heildræna og frá „botni og upp“ nálgun sem er einkennandifyrir hnattræna UNESCO jarðvanga og er kjarninn að vörumerki GEOfood.

GEOfood merkið á uppruna sinn innan hnattrænna UNESCO jarðvanga og má merkið aðeins vera notað innan slíkra UNESCO svæða.

GEOfood merkið stefnir að því að vera þekkt vörumerki í að minnsta kosti 30% hnattrænna UNESCO jarðvanga innan Evrópu árið 2023, og 10% jarðvanga í heiminum árið 2025.

GEOfood verkefnið

Markmið GEOfood er að styðja við sjálfbæra þróun nærsamfélaga og skapa vettvang með ýmsum aðgerðum sem hjálpa til við að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

GEOfood miðar að því að starfa samhliða gildum hnattrænna UNESCO jarðvanga og vinna eftir hugmyndafræði grasrótahugsunar, þ.e. frá „botni-og-upp“.

Markmið GEOfood

GEOfood miðar að því að styrkja tengslin á milli hagsmunaaðila innan jarðvangsins og staðarvitund aðila innan jarðvangsins.

Eitt meginmarkmiðið er að auka vitund almennings á tengingunum á milli upprunalegrar og náttúrulegrar matvöru og sérstöðu svæðisins sem byggir á jarðfræðiarfleifð þess: GEOfood er vörumerki í þróun, það aðlagast sérstöðu hvers svæðis með sérstakri útskýringu á tengslum þess við jarðfræðiarfleifðina og matar- og menningarhefðir.

- GEOfood is nýstárleg leið til að tengja saman fólk innan svæða. Matur er alþjóðlegt tungumál sem allir geta skilið; með matnum viljum við tengja fólk við jarðveginn og náttúruna, og samhliða því að auka fræðslu um matvæli til að reyna hvetja til ábyrgrar nýtingar á auðlindinni og minnka fjarlægð á milli matvöru og markaðar.
- GEOfood vörumerkið miðar að því að búa til tengslanet samstarfsaðila innan hnattrænna UNESCO jarðvanga, með það sameiginlega markmið að hafa áhrif á stefnur varðandi matvælaframleiðslu og svæðisskipulag sem getur styrkt tengslin milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Við trúum því að hnattrænir UNESCO jarðvangar gegni lykilhlutverki í því að tengja saman þéttbýli og dreifbýli. Með því að vinna saman með íbúum og samfélögum, mun GEOfood styðja við tenginguna á milli þéttbýlis og dreifbýlis og veita þeim þannig tækifæri til þess að efla efnahagslega framþróun svæðanna.

GEOfood aðgerðir

✓ Saman styðjum við sjálfbæra þróun: GEOfood vörumerkið má aðeins vera notað af fyrirtækjum sem uppfylla ákveðna umhverfisstaðla:

- Um að efla líffræðilegan fjölbreytileika og bæta gæði jarðvegs með því að taka upp ábyrga og sjálfbæra búskaparhætti í landbúnaði.
- Um að skapa heilbriggt umhverfi og hollan mat, sérstaklega með því að takmarka notkun skordýra- og illgresiseiturs aðeins því sem ekki eru skaðleg umhverfinu.
- Um ábyrga nýtingu vatnsauðlindarinnar.
- Um að hafa árangursrík endurvinnslukerfi fyrir úrgang.
- Um að hafa aukið framboð á árstíðabundnum afurðum.
- Um að bera virðingu fyrir réttindum og heilbrigði starfsmanna.

✓ Við störfum saman við að styðja framleiðendur, bændur, og frumkvöðla innan jarðvangsins, til að viðhalda matarmenningu og varðveita hefðir og bæta efnahagslífið.

- GEOfood vottuð, lítil og meðalstór fyrirtæki
- Jarðvangurinn styður við fyrirtækin innan hans: býður fyrirtækjunum upp á vettvang til að kynna sig út á við, notar þjónustu fyrirtækjanna (veitingar eða húsnæði) við ákveðin tækifæri, t.d. ráðstefnur.

✓ Saman styðjum við neyslu á mat úr jarðvangnum:

- GEOfood matvörur eru gerðar úr hráefnum sem framleidd eru innan jarðvangsins
- Við stefnum að því að auka daglega neyslu á matvöru sem ekki þarf að flytja langar leiðir, bæði hjá hinu opinbera sem og í einkageiranum.
- Að kynna og ýta undir notkun á matvælum sem ekki eru flutt langt að hjá veitingastöðum, hótélum, og stofnunum. Núll-KM matarstefna.

✓ Saman erum við að leita að nýjum tækifærum til að styðja samfélög jarðvanga sem hluti eru af netverki evrópska jarðvanga (*European Geoparks Network*) og alþjóðlegu netverki hnattræna jarðvanga (*Global Geoparks Network*), að þróa ný fræðsluverkefni sem leggja áherslu á efnahag, minnka matarsóun, styðja hringrásarhagkerfið, vinna eftir stefnu núll-km mat (matvæli sem ekki eru flutt langt frá framleiðanda til neytenda), landbúnað, sjálfbæra þróun og sjálfbæra ferðamennsku.

[1] Sustainable Land-Use and Food System, 2019 Report of the FABLE Consortium.

[2] FAO,